

Snjöll og jöfn

Birta Ósk Tómasdóttir, Sigríður Finnbogadóttir
og Finnborg Salome Steinþórsdóttir



Snjallir ferðamátar eru tengdir hugbúnaðarlausn og fylgja gjarnan nútímaáherslum um að teljast vistvænni ferðamátar. Markmið rannsóknarinnar Snjöll og jöfn var að greina regluverk og notkun snjallra ferðamáta út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, sem er tæki sem er notað í Reykjavíkurborg til þess að stuðla að jafnrétti og betri nýtingu fjármuna. Lögð var sérstök áhersla á deilihlaupahjól, en þau eru vinsæll ferðamáti í dag.


Aðferð

Rannsóknaraðferð var bæði meginleg og eigindleg, þar sem lögð var fram spurningakönnun fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og tekin voru hálfstöðluð viðtöl við sérfræðinga sem tengdust starfsemi snjallvæðingar ferðamáta.

Spurningakönnunin var á íslensku, ensku og pólsku. 1.283 svör fengust (60% konur, 39% karlar og 1% kvár). Sérstök áhersla var lögð á að ná til fatlaðs fólks sem voru 8% svarenda og innflytjenda sem voru 10% svarenda.

Notendur deilihlaupahjóla


Sá hópur sem notar deilihlaupahjól mest eru ungir karlar. Kynbundnar hindranir eru til staðar fyrir notkun, þar sem konur eru líklegri en karlar til þess að tilgreina óöryggi og heilsufar/líkamleg hæfni sem hindrun notkunar. Þetta bendir til þess að ferðamátinn sé frekar sniðinn að þörfum karla.



Vísbendingar eru um að ófatlaðir einstaklingar nota deilihlaupahjól meira en fatlaðir. Innflytjendur nota deilihlaupahjól umtalsvert, sem gæti bent til þess að þau þjóni ferðapörfum þeirra vel.

Ferðavenjur fólks eftir kyni, uppruna og fötlun

Karlar hjóla meira en konur, þetta er í samræmi við ferðavenjukannanir. Fatlað fólk virðist t.d. vera líklegra en ófatlað fólk til þess að fara ferða sinna sem farþegi í strætó. Erlendir ríkisborgarar eru umtalsvert líklegri til þess að nota strætó og fara fótgangandi og umtalsvert ólíklegri til þess að ferðast um á einkabíl, miðað við innlenda og þá sem fæddir eru hérlendis og hafa síðan fengið ríkisborgararétt.



Þættir sem hafa áhrif á val á ferðamáta

Þættir sem hafa áhrif á val á ferðamáta geta verið ólíkir eftir kyni, fötlun og uppruna. Konur líta frekar til bæði persónulegs öryggis og umferðaröryggis við val á ferðamáta, meðan karlar líta frekar til skemmtunar. Innflytjendur eru líklegri til þess að líta til kostnaðar ferðamáta. Fatlað fólk lítur frekar til aðgengis og persónulegs öryggis, meðan ófatlað fólk lítur frekar til þess að komast hratt á leiðarenda.

Umræða

Rannsókn þessi er fyrsta tilraun sem hefur verið gerð hérlendis til að greina hver tengsl snjallra ferðavenja eru við félagslega stöðu. Megin niðurstöður leiddu í ljós að huga má betur að jafnréttisjónarmiðum í regluverki og verklagi í kringum deilihlaupahjól. Til þess að bæta úr þessu var útbúinn hagnýtur gátlisti úr niðurstöðum rannsóknarinnar (*Jafnrétti í snjöllum ferðamátum – gátlisti*, Birta Ósk Tómasdóttir, 2021) sem starfsfólk sveitarfélaga getur haft til hliðsjónar til þess að tryggja að kynja- og jafnréttisjónarmið séu samþætt þróun snjalllausna í ferðamátum og þar með stuðla að því að snjallvæðing ferða sé í þágu allra. Gátlistinn inniheldur stutta fræðslu um mikilvægi jafnréttisjónarmiða í þróun snjalllausna og mikilvægi þess að greina notendaupplýsingar eftir kyni, aldri, uppruna og fötlun. Auk upplýsinga um ólíkar ferðavenjur og ólík áhrif snjallvæðingar á hópa og hvernig samþættingarferli kynja- og jafnréttisjónarmiða gæti litið út í málaflokknum. Nýsköpunargildi rannsóknar felst í nýrri þekkingu um snjalla ferðamáta og ólíkar ferðavenjur fólks. Rannsóknin var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og Reykjavíkurborg.